

GÆÐAKERFI LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Gæðakerfi Listaháskóla Íslands miðar að því að mæta væntingum og þörfum nemenda, starfsmanna, starfsvettvangi listanna og hins alþjóðlega samfélags fræðasviðs lista. Markmið gæðakerfisins er að efla gæði háskólastarfsins og tryggja að prófgráður og rannsóknir uppfylli alþjóðleg viðmið, og er kerfið þannig uppbyggt að styðji við gæðamenningu innan skólans alls. Uppistaða kerfisins er þríþætt; Stefna Listaháskóla Íslands 2017-2023, Rammaáætlun Gæðaráðs íslenskra háskóla um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi 2017-2023 (e. Icelandic Quality Enhancement Framework – QEF2), og Kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area – ESG 2015). Gæðastarf Listaháskólans er umbótamiðað, opið og gegnsætt, þar sem ábyrgð og skyldur eru skilgreind með skýrum hætti og samvinna sviða, deilda og starfseininga tryggð.

Umbótamiðað gæðastarf

Markmið umbótamiðaðs gæðastarfs er að greina tækifæri til úrbóta og þróa leiðir til framfylgni sem og eftirfylgni. Starfið er í stöðugri í endurskoðun og framþróun og felur í sér viðleitni til umbóta í hvívetna, með virkri aðkomu starfsfólks og nemenda. Gæðastarfið nær til allrar starfsemi skólans, þ.m.t. náms og kennslu, rannsókna, ytri tengsla og stjórnunarháttanna. Skipulag gæðastarfsins tekur mið af innlendum og alþjóðlegum kröfum um gæði náms á háskólastigi, sem endurspeglast í framfylgni formlegra ferla sem kveða á um reglubundið innra og ytra mat. Áhersla er lögð á þátttöku nemenda, erlendra sérfræðinga og ytri hagaðila sem ígrunda starfið ásamt starfsfólki skólans og leggja til umbætur þar sem þörf er á. Með þessu móti eru gæði náms og kennslu, rannsókna, tengsla við starfsvettvang og samfélag, og stjórnunarháttanna stöðugt aukin, og gæði þeirra prófgráða sem skólinn veitir tryggð. Að þessu er unnið með virkum og stöðugum hætti í öllum starfseiningum skólans. Áætlanir um umbætur byggja á gagnrýnni greiningu á fyrirliggjandi gögnum sem skólinn safnar reglulega og reist eru á staðreyndum og rökum (e. evidence-based data)¹, hvort sem þau lúta að innra starfi, ytri gæðakröfum eða nýjustu rannsóknum og þróun á starfsvettvangi.

Til að framfylgja kröfum og viðmiðum um gæðastarf í háskólamenntun gefur skólinn út Gæðahandbók. Gæðahandbók Listaháskólans felur í sér lýsingu á gæðakerfi skólans, afmörkun verkefna og ábyrgðar, verkferla og leiðbeiningar sem móta starfshætti skólans. Gæðahandbókin skal sæta reglubundinni endurskoðun í samræmi við það markmið skólans að gæðastarf sé umbótamiðað og í stöðugri þróun. Skjalastjóri varðveitir skjöl og samræmir útlit þeirra til birtingar í Gæðahandbók, sem aðgengileg er í skjalavörslukerfi skólans, CoreData. Gæðastjóri ber ábyrgð á að framfylgja verkferli um reglubundna endurskoðun og ritstýringu Gæðahandbókar skólans.

Innra gæðamat

Innra mat skólans tekur mið af Lögum um háskóla nr. 63/2006, þar sem kveðið er á um að háskólar skuli sinna „kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Innra mat háskóla og eininga innan hans skal vera reglubundið og snúa að stefnu og markmiðum, inntaki náms, kennslu, kennsluháttum, námsmati, rannsóknum, árangri rannsókna, aðbúnaði, stjórnun og ytri tengslum. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla, eftir því sem við á”. Auk þess mótast gæðakerfið af viðmiðum um æðri menntun og prófgráður, sem menntamálaráðuneytið gefur út (nr. 530/2011).

¹ Dæmi um fyrirliggjandi gögn eru lykiltölur, niðurstöður kennslumats, niðurstöður námslokakönnunar, niðurstöður hollnemakönnunar, afrakstur rannsóknastarfs og innra mat á því, samantektir og aðgerðaáætlanir úr sjálfsmatsskýrslum deilda, og samantektir af árlegum fundum deildarforseta með nemendum og sambærilegra funda rektors með nemendum.

Þá kveður innra regluverk skólans á um gæðastjórnun, eins og kemur fram í 10. grein Skólareglna: “Listaháskólinn sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats, sbr. IV. kafla laga um háskóla nr. 63/2006. Skólinn starfar eftir viðmiðum Gæðaráðs háskólanna eins og þau koma fram í handbók ráðsins. Rektor ber ábyrgð á gæðakerfi skólans.”

Reglubundið innra gæðamat samanstendur m.a. af reglubundinni endurskoðun námsleiða, sem fer fram á 3 ára fresti, og sjálfsmati deilda, sem fer fram á 7 ára fresti. Skólinn gefur út verkferla, leiðbeiningar og sniðmát fyrir þessi innri gæðaferli, sem gæðastjóri ber ábyrgð á.

Í tengslum við innra gæðamat leitar skólinn einnig til annarra gæðamatsstofnana á fræðasviði lista eftir þörfum, eins og [EQ-Arts](#) (Enhancing Quality in the Arts) eða [MusiQuE](#) (Music Quality Enhancement).

Opinberar upplýsingar um innra mat

Í 6. gr. reglugerðar 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum er kveðið á um að „háskólar skulu birta opinberlega og með reglubundnum hætti upplýsingar um hvernig staðið er að innra mati, þ.m.t. að birta áætlun um öflun lykilupplýsinga og annarra gagna, greiningu þeirra og úrvinnslu. Niðurstöður innra mats skulu birtar opinberlega ásamt lýsingu á því hvernig matið er nýtt til úrbóta og umbóta í skólastarfi.“

Útdrátt úr sjálfsmatsskýrslu deildar skal birta á heimasíðu skólans, þ.m.t. yfirlit um meginályktanir og aðgerðir sem fara skuli í, innan þriggja mánaða frá lokum sjálfsmatsferlis. Valkvætt er að birta sjálfsmatsskýrslur deilda í heild sinni á vefsíðu skólans, en venjan hefur verið sú að birta skýrslurnar í heild.

Ytra gæðamat

Ytri gæðastjórnun Listaháskólans tekur mið af Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum, sem Gæðaráð íslenskra háskóla hefur þróað í samráði við Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs og birtist í Handbók Gæðaráðs íslenskra háskóla, 2. útg. 2017. Rammaáætlunin inniheldur ítarlegar leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ytri stofnunarúttektar, sem fer fram að jafnaði á 7 ára fresti. Auk þess gefur Listaháskólinn út verkferil og sniðmát fyrir ytra gæðamat, sem er í höndum gæðastjóra að uppfæra og framfylgja. Rektor skipar starfshóp ári áður en úttekt á að fara fram, sem ber ábyrgð á sjálfsmatsskýrslu í tengslum við stofnunarúttekt. Næsta stofnunarúttekt Listaháskólans fer fram haustið 2021.

Gæðastjórnun – þátttakendur, ábyrgð og skyldur

Gæðakerfi Listaháskólans sér stjórnendum og starfsfólki fyrir verkfærum til að framfylgja gæðastefnu skólans og meta árangur samkvæmt skilgreindum mælikvörðum, sem skólinn hefur sjálfur sett sér.

Rektor Listaháskólans ber ábyrgð á gæðamálum skólans, og gæðastjóri ber ábyrgð á framfylgni sem og eftirfylgni gæðastefnu skólans. Gæðastjóri þróar gæðakerfi skólans og sinnir stjórnun, innleiðingu og eftirfylgni þess, og skal hann tryggja að skólinn starfi í samræmi við innri og ytri gæðakröfur. Sviðsforsetar og deildarforsetar eru ábyrgir fyrir gæðakröfum á sínum fræðasviðum. Framkvæmdastjóri og forstöðumenn sviða eru ábyrgir fyrir gæðum innan sinna starfseininga.

Skólinn leggur áherslu á virka þátttöku nemenda og starfsfólks í innra gæðastarfi skólans, auk þess sem aðkoma hagaðila af starfsvettvangi lista og menningar er mikilvægur þáttur í starfinu. Rík áhersla er lögð á að nemendur eigi fulltrúa í starfshópum sem koma að reglubundinni endurskoðun náms, sjálfsmati deilda auk sjálfsmats stofnunar, auk þess sem nemendur eigi fulltrúa í helstu starfsnefndum og ráðum skólans, bæði á deildarstigi sem stofnunarstigi.

GÆÐASTEFNA LISTAHÁSKÓLANS

Gildi Listaháskólans eru forvitni, skilningur og áráði, og byggir gæðastefna skólans á þessum gildum, auk siðareglna og heildarstefnu skólans hverju sinni.

Stefna skólans í gæðastarfi er að:

- Þróa gæðakerfi Listaháskólans í anda umbótamiðaðs gæðastarfs, og aðlaga það að Rammaáætlun Gæðaráðs íslenskra háskóla.
- Stuðla að virkri gæðavitund starfsmanna með skipulagðri umræðu, fræðslu og þjálfun, og þróa sífellt leiðir til að efla samvinnu og gæðavitund meðal starfsmanna skólans.
- Að tryggja þátttöku nemenda í gæðastarfi skólans, með virkri aðkomu fulltrúa Nemendaráðs (í ytri úttekt) og Nemendafélaga allra deilda (í innra gæðastarfi).
- Að tryggja eftirfylgni með stefnu skólans og samhæfingu með markmiðum í gæðastarfi.
- Að þróa árangurs- og gæðavísa í því markmiði að leggja línurnar fyrir lykilmælikvarða um árangur á sviði gæðastarfs.
- Að tryggja eftirfylgni með sjálfsmati deilda og að tryggja straumlínulögun aðgerðaáætlana deilda og skólans í heild.
- Að tryggja eftirfylgni með stofnunarúttekt með skýrri forgangsröðun og aðgerðaáætlun.
- Að tryggja eftirfylgni með innri könnunum og endurgjöf nemenda sem gefa vísbendingar um upplifun og reynslu þeirra af námi við skólann, og að nemendur séu ávallt upplýstir um þær umbætur og áætlanir sem gerðar eru í kjölfar endurgjafar þeirra.
- Að framfylgja ákvæðum um söfnun og opinbera birtingu lykiltalna og annarra gagna í tengslum við innra mat.
- Að veita áreiðanlega yfirsýn yfir stöðu og þróun starfsemi skólans, sem gerir kleift að meta árangur af umbótum, framvindu verkefna og næstu skrefum í gæðastarfi skólans.
- Að gögn og upplýsingar, sem notast er við í sjálfsmati deilda sem og stofnunar, séu áreiðanleg og reist á rökum og safnað með reglubundnum hætti úr ranni skólans, auk þess að taka mið af nýjustu rannsóknum og þróun á starfsvettvangi lista.

Samþykkt í stjórn LHÍ þann 28. maí 2020.